

fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn kl. 14:00
miðvikudaginn 9.júní 2021 á skrifstofu hreppsins í
Norðurfirði.

Mætt eru til fundar; Guðlaugur A. Ágústsson Steinstúni,
Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Björn G. Torfason
Melum 1, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1 og Eva
Sigurbjörnsdóttir Djúpavík.

Dagskrá fundarins er;

1. Staða mála varðandi byrjun lagningar ljósleiðara og þrífösunar inn í sveitarfélagið.
2. Bréf frá Jóni Jónssyni lögmanni sveitarfélagsins varðandi fasteignamál, lagt fram til kynningar og umræðu.
3. Lokavinna við álagningu fasteignagjalda.
4. Geislunartæki í húsnæði hreppsins, staðan á tækjunum og fl.
5. Önnur mál.

1.Staða mála varðandi byrjun lagningar ljósleiðara og þrífösunar inn í sveitarfélagið. Oddviti sagði frá að þegar væri byrjað að leggja fyrstu metrana af þriggjafasa rafmagni og ljósleiðara svo að það eru spennandi tímar framundan.

2.Bréf frá Jóni Jónssyni lögmanni sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd ræddi fasteignamálin vel og rækilega og ákveðið var hver næstu skref verða í málum. Samningar um íbúðarhúsnæði hreppsins verða látnir standa óbreyttir.

3.Lokavinna við álagningu fasteignagjalda. Oddviti upplýsti stöðuna varðandi vinnsluna sem er á lokasprettinum.

4.Geislunartæki í húsnæði hreppsins,..staðan á tækjunum.

Búið er að hreinsa og skipta um gler og peru í fiskmóttökunni, og einnig verður farið í tækið í skólanum og í kaupfélagshúsinu.

5. Önnur mál.

a) Tala við Jón Eiríksson um lagerhurðina á búðinni, laga gólf og gólfefni á 1.hæð í kaupfélagshúsi og stokka í innra rými verslunarinnar. Einnig þarf að fá mann til að ganga frá eftir pípulagnir sem unnar voru nú í vor.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30